

Samherji hf
Björgvin Harri Bjarnason
Glerárgötu 30
600 Akureyri

2004010052
6702; 9310

Reykjavík, 20. apríl 2004
/--

Efni: Stækkun fiskeldisstöðvar Silfurstjörnunnar í 1.600 tonna ársframleiðslu í Öxarfirði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Silfurstjörnunnar dags. 11. febrúar 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt stækkun Silfurstjörnunnar í Öxarfirði í 1600 tonna ársframleiðslu samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Öxarfjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Öxarfjarðarhreppi með bréfi dags. 10. mars 2004, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 16. mars 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. mars 2004 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 2. apríl 2004. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 22. mars og 19. apríl. 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð sé stækkun fiskeldisstöðvar úr 1100 í 1600 tonna ársframleiðslu. Áætlað sé að bæta við sex nýjum kerjum og verði hvert þeirra 12 metrar í þvermál og 1 metra djúpt. Rúmmál kerjanna verði samtals um 113 rúmmetrar. Fyrirhugað sé eldi á flatfiski, lúðu og sandhverfu í nýju kerjunum. Gert sé ráð fyrir að endurnýta vatnið frá nýju kerjunum í önnur ker þar sem að fiskitegundir séu aldar við lægra hitastig. U.þ.b. 15-18% aukning verði á gegnumstreymi vatns í stöðinni en ekki verði um aukna vatnsnotkun að ræða vegna stækkunarinnar. Við loftun verði ósæskilegar lofttegundir losaðar úr vatninu (köfnunarefni, brennisteinsvetni, metan og koltvísýringur) í skiptum fyrir súrefni. Gert sé ráð fyrir aukningu á fóðurnotkun og mun allt fóður sem notað verði við eldið koma frá Fóðurverksmiðjunni Laxá. Engin lyf verði notuð nema að höfðu samráði við

dýralækni fisksjúkdóma. Gert er ráð fyrir að magn úrgangsefna í frárennslisvatni stöðvarinnar muni hækka lítillega. Frárennsli stöðvarinnar verði veitt í Brunná sem beri jökulblandað vatn. Fram kemur að magn fosfórs, köfnunarefna og COD í úrgangsvatni stöðvarinnar séu undir þeim viðmiðum sem núverandi starfsleyfi segir til um. Í ljósi þess að frárennsli stöðvarinnar sé veitt í stóran og öflugan viðtaka, sé ólíklegt að fyrirhuguð aukning úrgangsefna vegna stækkunarinnar muni hafa á lífríki árinna. Fram kemur að skv. núverandi starfsleyfi stöðvarinnar beri fyrirtækinu að sækja um nýtt starfsleyfi ef um breytingu eða stækkun stöðvarinnar verði að ræða og verði forsenda útgáfu nýs starfsleyfis háð ákvörðun Skipulagsstofnunar. Fram kemur að smíði kerjanna sjálfra og frágangur lagna hefur staðið frá 20. júní 2003 og eru áætluð verklok 1. febrúar 2004.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Öxarfjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Frárennsli. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að frárennismál Silfurstjörnnunnar hafi ekki verið með ásættanlegum hætti. Framkvæmdaraðili hafi ekki orðið við þeim kröfum Umhverfisstofnunar að koma upp fullnægjandi mengunarvörnum, en það hljóti að verða forgangskrafa varðandi útgáfu nýs starfsleyfis. Þá hafi fólk í nágrenni stöðvarinnar kvartað undan slæmu ástandi í frárennismálum stöðvarinnar. Heilbrigðiseftirlitið telur einnig að huga þurfi að mengunarvarnarkröfum vegna aukins lífmassa stöðvarinnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki liggi fyrir viðmið fyrir flokkun viðtaka frárennslis frá fiskeldisstöðinni, sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Einnig bendir stofnunin á að í tilkynningu um framkvæmdina komi ekki fram upplýsingar um rennslismagn Brunnár yfir árið og sveiflur í rennsli samanborið við fráveitumagn og þar með hversu mikil þynningin verði. Fram kemur að áin sé stundum vatnslítill og ekki ávallt sem blöndunar við jökulvatn gæti. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt starfsleyfi fiskeldisstöðvarinnar sé stöðinni skylt að sjá um að við útrás þar sem fráveituvatn sé leitt í á eða vatn sé ekki: set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Fram kemur að við eftirlit Umhverfisstofnunar með starfsemi stöðvarinnar hafi komið í ljós að frá stöðinni berist fódurleifar og beri á sjónmengun í og við farveg Brunnár, þ.e. froðu og fitubrák. Umhverfisstofnun bendir á að 45% framleiðsluaukning sé veruleg aukning og að samfara þeirri aukningu í framleiðslu hljóti mengun í frárennsli að aukast. Nauðsynlegt sé því að grípa til ráðstafana til að bæta mengunarvarnir og finna varanlega lausn á meðferð, nýtingu eða förgun seyru. Verði fyrirhuguð stækkun heimiluð verði tekið á þessum þáttum í tengslum við útgáfu nýs starfsleyfis fyrir fiskeldisstöðina. Stofnunin bendir á að koma þurfi í veg fyrir fyrrgreinda mengun og að samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 skuli beita bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir. Starfsleyfi starfandi atvinnurekstrar skuli uppfylla kröfu um bestu fánlegu tækni eða um viðbótarráðstafanir eigi síðar en 31. október 2007 skv. reglugerðinni.

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að miðað við gefnar forsendur sé ekki talin ástæða til að framkvæmt verði mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar stöðvarinnar en lögð sé rík áhersla á að vel verði gengið frá frárennsli stöðvarinnar, það verði fiskhelt og að öðru leyti í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar varðandi mengun.

Framkvæmdaraðili gerði ekki athugasemdir við umsagnir Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar né veiðimálastjóra.

Verndarsvæði og lífríki Brunnár. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að affallsvatn frá fiskeldisstöðinni sé veitt í Brunná en áin sé innan svæðis sem lagt sé til að verði friðlýst í þingsályktunartillögu umhverfisráðherra um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Einnig kemur fram að í Brunná séu bæði sjóbleikja og sjóbirtingur og í ána séu seld veiðileyfi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að starfsemi fiskeldisstöðvarinnar hafi ekki áhrif á lífríki Brunnár.

Framkvæmdaraðili gerði ekki athugasemdir við umsögn Umhverfisstofnunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun fiskeldisstöðvar Silfurstjörnnunnar í Öxarfjarðarhreppi úr 1100 í 1600 tonna ársframleiðslu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögnum hefur komið fram að ekki sé nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hins vegar er bent á að núverandi mengunarvarnir fiskeldisstöðvarinnar sé ábótavant og að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana til að bæta mengunarvarnir og finna varanlega lausn á meðferð, nýtingu eða förgun seyru.

Skipulagsstofnun telur að í ljósi umsagna verði litlar líkur á að fyrirhuguð stækkun eldisframleiðslu Silfurstjörnnunnar hafi veruleg viðbótaráhrif á lífríki Brunnár. Stofnunin telur að fullnægjandi upplýsingar varðandi mengun vegna frárennslis frá fyrirhugaðri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir liggi nú þegar fyrir og muni mat á umhverfisáhrifum ekki skýra þann hátt frekar. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að tekið verði á hreinsun fráveitu í starfsleyfi á ásættanlegan hátt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun fiskeldisstöðvar Silfurstjörnnunnar í Öxarfjarðarhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veður athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Öxarfjarðarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða sömu laga. Einnig eru framkvæmdirnar háðar starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Öxarfjarðarhreppur, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.